



Alþingi  
Nefndarsvið  
Sent rafrænt á [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Akureyri 11. Desember 2020

**Umsögn frá Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, um frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, 322. mál.**

Stjórn SSNE fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 9. desember 2020 og leggur hér fram bókun fundarins sem umsögn um frumvarpið:

*„Stjórn SSNE telur óásættanlegt að leggja fram jafn loðið og óljóst frumvarp líkt og raun ber vitni. Griðarlegir hagsmunir eru undir í því að skapa öflugt stuðningskerfi við nýsköpun á landsbyggðunum. Stjórn skorar því eindregið á ráðherra að setja fram skýr mælanleg markmið, árangursmælikvarða, ábyrgðaraðila og fjármögnun. Auk þess er nauðsynlegt að útfæra með hvaða hætti ná skal því markmiði á landsbyggðunum að efla nýsköpun með sveigjanlegu stuðningskerfi, sterkum tengslum við háskólasamfélag, atvinnulíf og hagaðila. Þá telur stjórn eðlilegt að í stjórn Tækniseturs í Vatnsmýrinni sé einn stjórnarmaður búsettur utan höfuðborgarsvæðisins, auk þess sem unnið verði að útfærslu á því með hvaða hætti jafna eigi möguleika fyrirtækja og einstaklinga á landsbyggðunum til þess að nýta aðstöðu og sérhæfðan tækjabúnað í Vatnsmýrinni.“*

f.h. SSNE

---

Eyþór Björnsson  
Framkvæmdastjóri